

Atriði sem vert er að hafa í huga

Hjólbarða- merkimiðiðinn



ENERGY





SUPPLIER'S NAME


Tyre type identifier

Size

Tyre class



Hjólbarðamerkimiðinn hér að neðan tók gildi á Íslandi frá og með 17. október 2022.



Hjólbarðamerkimiðinn gildir fyrir hjólbarða í flokkum:

- C1 (fólksbílar),
- C2 (t.d. flutningabílar og smærri vörubílar) og
- C3 (t.d. stórir vörubílar).

Áður fyrr var ekki krafa að hjólbarðar í flokki C3 væru merktir.

Vöruupplýsingablað

Vöruupplýsingablað er staðlað skjal, útprentað eða á rafrænu formi sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

- a) viðskiptaheiti eða vörumerki birgjis eða framleiðanda, ef framleiðandinn er ekki sá sami og birgirinn,
- b) auðkenni gerðar hjólbarða,
- c) stærðarmerkingu hjólbarða, burðarstuðul og tákn fyrir hraðaflokk eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 fyrir hjólbarða í flokki C1, hjólbarða í flokki C2 og hjólbarða í flokki C3, eftir því sem við á,
- d) eldsneytisnýtniflokk hjólbarða,
- e) flokk hjólbarða að því er varðar veggrip á blautum vegi,
- f) flokk ytri snúningshávaða og gildi í dB,
- g) upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði til notkunar í miklum snjó,
- h) upplýsingar um hvort hjólbarðinn sé hjólbarði með veggrip á ís,
- i) dagsetninguna þegar framleiðsla hófst á gerð hjólbarða (tveir tölustafir fyrir vikuna og tveir tölustafir fyrir árið),
- j) dagsetninguna þegar framleiðslu lauk á gerð hjólbarða, þegar hún er þekkt (tveir tölustafir fyrir vikuna og tveir tölustafir fyrir árið).

Þessar upplýsingar eiga að koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir hjólbarðanum.

Birgjar

Birgjar geta bæði verið framleiðendur og innflytjendur. Birgjar verða að:

- Útvega hjólbarðamerkimiða í límmiðaformi fyrir hvern einstaka hjólbarða, sem sýnir upplýsingarnar og flokkinn fyrir alla mæliþættina og vöruupplýsingablað.

Eða,

- Útvega prentaðan hjólbarðamerkimiða fyrir hverja framleiðslulotu eins eða fleiri samskonar hjólbarða, sem sýnir upplýsingarnar og flokkinn fyrir alla mæliþættina og vöruupplýsingablað.

Fyrirtæki sem flytur inn hjólbarða frá framleiðanda frá þriðja landi, þá utan Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins, og setur þá á markað hér á landi er álitinn birgji (nema hjólbarðaframleiðandinn hefur viðurkenndan fulltrúa á Evrópska efnahagssvæðinu).

EPREL-vörugagnagrunnurinn

EPREL-vörugagnagrunnurinn hefur verið settur upp til að veita mikilvægar upplýsingar um orkunýtingu fyrir ýmsar vörur, þar á meðal hjólbarða, til neytenda í þeim tilgangi til að auðvelda markaðseftirlit.

Allir hjólbarðar sem hafa verið framleiddir eftir 25. júní 2020 og settir á markað eftir þann dag verða að vera skráðir í EPREL-vörugagnagrunnin. Skráning í EPREL-vörugagnagrunnin á hjólbörðum sem settir eru á markað fyrir 25. júní 2020 er einnig leyfilegt en valfrjálst.

„Framleitt“ í þessu tilviki vísar til hvenær hjólbarðinn er framleiddur. Það er gefið til kynna með fjórum tölustöfum á hlið hjólbarðans. Fyrstu tveir tölustafirnin tákna vikuna í framleiðsluárinu og seinni tveir tölustafirnin tákna framleiðsluárið.

Ef breytingar eru gerðar á hjólbarða sem skipta máli fyrir hjólbarðamerkimiða eða vöruupplýsingablað skal hann teljast ný gerð hjólbarða. Birgji skal tilgreina það í EPREL-vörugagnagrunninum þegar hann hættir að setja einingar af tiltekinni gerð hjólbarða á markað.

Birgjar verða að skrá upplýsingar í EPREL-gagnagrunnin áður en hjólbarðinn er settur á markað. Eftir að síðasta eining tegundar er sett á markað skal birgji varðveita upplýsingarnar varðandi tiltekna gerð hjólbarða í gagnagrunninum í fimm ár.



Dreifingaraðilar

- Með dreifingaraðilum er átt við smásala eða aðra sem eru ekki birgjar. Að hjólbarðar beri hjólbarðamerkimiða á sölustað í formi límmiða á áberandi stað þar sem hann er læsilegur í heild sinni og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt, þ.m.t. á prenti að fenginni beiðni,

Eða,

- Áður en hjólbarði er seldur, sem er hluti af framleiðslulotu eins eða fleiri samskonar hjólbarða, sé prentaður hjólbarðamerkimiði, sýndur viðskiptavinum og hann sé sýndur með greinilegum hætti nálægt hjólbarðanum á sölustað og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt.

Dreifingaraðilar skulu tryggja að ef hjólbarðar sem boðnir eru til sölu eru ekki sýnilegir endanlegum notanda láti þeir honum í té afrit af hjólbarðamerkimiðanum áður en salan fer fram.

Dreifingaraðilar verða að tryggja að allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar tiltekna gerð hjólbarða sýni hjólbarðamerkimiðann.

Skyldur birgja ökutækja og dreifingaraðila ökutækja

Ef endanlegur notandi hyggst kaupa nýtt ökutæki skulu birgjar og dreifingaraðilar ökutækja láta honum í té hjólbarðamerkimiðann fyrir hjólbarðanna sem eru boðnir með eða settir á ökutækið og allt viðeigandi tæknilegt kynningarefni áður en salan fer fram og skulu tryggja að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt.

Auglýsingar á hjólborðum

Bæði birgjar og dreifingaraðilar verða að tryggja að hjólbarðamerkimiðinn sjáist í öllum sjónrænum auglýsingum fyrir tiltekna gerð hjólbarða. Ef verðið á þessari gerð hjólbarða er tilgreint í sjónrænu auglýsingunni skal sýna hjólbarðamerkimiðann nálægt upplýsingum um verðið.

Að því er varðar sjónrænar auglýsingar á netinu fyrir tiltekna gerð hjólbarða geta dreifingaraðilar gert hjólbarðamerkimiðann aðgengilegan með faldaðri birtingu. Földuð birting er þar sem unnt er að opna mynd eða gögn með músarsmelli, með því að renna músarbendli yfir þau eða með því að víkka út aðra mynd eða gögn á snertiskjá.

Vefsala

Þegar hjólbarðar eru seldir eða boðnir til sölu á vefnum þá skulu dreifingaraðilar tryggja að hjólbarðamerkimiðinn sé sýndur nálægt upplýsingum um verð og að vöruupplýsingablaðið sé aðgengilegt. Hjólbarðamiðinn og vöruupplýsingablaðið verða einnig eða vera vel sýnileg, læsileg og í réttum hlutföllum.

Einnig er hægt að notast við faldaða birtingu til að sýna hjólbarðamerkimiðann og vöruupplýsingablaðið.

Földuð birting er þar sem unnt er að opna mynd eða gögn með músarsmelli, með því að renna músarbendli yfir þau eða með því að víkka út aðra mynd eða gögn á snertiskjá.

Fjarsala

Dreifingaraðilar skulu tryggja að allt prentað efni fyrir fjarsölu, eins og vörulista og símasölu, sýni hjólbarðamerkimiðann og að endanlegir notendur hafi aðgang að vöruupplýsingablaðinu í gegnum vefsíðu og geti farið fram á prentað afrit af því.

Dreifingaraðilar sem nota fjarsölu í gegnum síma skulu upplýsa kaupendur um flokkana fyrir hvern mælipátt á hjólbarðamerkimiðanum og upplýsa þá um hvernig þeir geti nálgast hjólbarðamerkimiðann og vöruupplýsingablaðið í gegnum vefinn og varið fram á prentað afrit.

Fyrirvari

HMS hefur útbúið þennan leiðarvísi til að hjálpa viðeigandi aðilum til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/740 um merkingu hjólbarða innleidd með reglugerð nr. 1221/2022. Þessum leiðarvísi er ekki ætlað að vera tæmandi og er ekki lagalega bindandi.

Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun

hms.is
440 6400

Borgartúni 21
105 Reykjavík

Ártorgi 1
550 Sauðáarkróki

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

HMS

